

Kostnaður vegna verkefnisins

Þá er oft einn eða tveir starfsmenn skólans í samstarfi við foreldra sem sjá um verkefnið. Foreldrar (foreldrafélag) sér t.d um að kynna verkefnið fyrir foreldrum og taka þátt í fjáröflun. Starfsmaður skólans sem stjórnar verkefninu getur verið umsjónarkennari, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur eða stjórnandi. Búnaðinum fylgir stuðningsefni sem skólarnir nota.

Það er ákveðið grunngjald og kostnaðurinn lækkar eftir því sem að fleiri taka þátt. Verðið er 4.500 kr per nemenda miðað við að 22 nemendur taki þátt í sömu viku.

Einnig getur starfsmaður ÓB-ráðgjafar séð um kynningu á verkefninu fyrir foreldra og verið með í að afhenda nemendum búnaðinn. Á kynningunni fyrir foreldra er einnig fjallað um þætti sem hjálpa foreldrum að annast sjálfan sig og unglingin sinn. Þá er verðið 6.000 kr per nemenda miðað við að 22 nemendur taki þátt í sömu viku.

Verðið er 7.000 kr per nemenda miðað við að 6-10 nemendur taki þátt í sömu viku. Ef starfsmaður ÓB-ráðgjafar sér um kynningu á verkefninu fyrir foreldra og er með í að afhenda nemendum búnaðinn er verðið 11.000 kr per nemenda miðað við sama fjölda. (6-10)